



Reykjavík 14. febrúar 2023

Umsögn Sjúkraliðafélags Íslands um frumvarp um sóttvarnarlög

Sjúkraliðafélag Íslands fagnar tilkomu nýrra sóttvarnarlaga. Reynslan af Covid-heimsfaraldurinn hefur fært okkur mikla þekkingu sem ber að taka tillit til.

Margt er til bóta í þessu frumvarpi þar sem bæði hugtök og valdheimildir eru skýrðar frá gildandi lögum.

Mikilvægi heilbrigðisstétta, s.s. sjúkraliða verður seint ofmetið en heimsfaraldurinn sýndi hversu mikilvægt er að stjórnvöld hlúi að þessum stéttum. Heilbrigðiskerfið er lítið annað en það fólk sem þar starfar og sækir þjónustu til.

Í 8. grein frumvarpsins er fjallað um nýja farsóttanefnd í stað sóttvarnarráðs sem er nýtt fjölskipað stjórnvald.

Eitt meginmarkmið með tilkomu farsóttanefndar er að færa það verkefni og þá ábyrgð að koma með tillögur að opinberum sóttvarnaráðstöfunum sem hafa veruleg áhrif á samfélagið yfir á fleiri hendur með breiðari þekkingu og skírskotun. Ekki síður er markmiðið með skipun nefndarinnar að styrkja sóttvarnalækni og almannavarnir varðandi stefnu og ákvarðanir þegar farsótt geisar sem og að koma formlega á laggirnar samráðsvettvangi helstu viðbragðsaðila.

Þar kemur einnig fram hverjir sitja í þeirri nefnd sem eru fyrst og fremst fulltrúar stjórnvalda og einstaka stofnana. Þar vantar hins vegar fleiri fagaðila í nefndina en einu tryggju heilbrigðismenntuðu fulltrúarnir í nefndinni eru landlæknir og sóttvarnarlæknir. Í raun er sóttvarnarlæknir einungis annar tveggja sem er örugglega með fagþekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði. Hver verður staðan ef sóttvarnarlæknir verður undir í þessari nefnd?

Sjúkraliðafélagið leggur því áherslu að fulltrúar almennra heilbrigðisstétta fái einnig að sitja í þessari nefnd eða verði a.m.k. kallaðir til þegar á reynir. Í þessari grein er gert ráð fyrir heimild nefndarinnar til að bjóða fleiri aðilum en þeir sem þar eru taldir upp, á fundi nefndarinnar. Það væri mikilvægt ef velferðarnefnd myndi fjalla um þessi mál í nefndaráliti sínu enda væri slíkt mikilvægt lögskýringargagn fyrir nefndina þegar hún tekur til starfa.

Sjúkraliðar eru næststærsta heilbrigðisstéttin og hafa þeir mikla reynslu á þjónustu gagnvart sjúklingum, ekki síst nærhjúkrun. Sjúkraliðar búa að talsverðri þekkingu á sóttvörnum og skipulag þeirra, ekki síst eftir Covid-faraldurinn.

Reynsla undanfarinna missera, ekki síst þegar hópsýking áttu sér stað, reyndi mjög á þekkingu og færni sjúkraliða enda stóðu þeir í eldlínu þeirra mála með öðrum heilbrigðisstéttum. Menntun sjúkraliða hefur fleygt fram á síðustu árum eins og hjá öðrum heilbrigðistengdum greinum og því væri virkilega gagnlegt að þeirra innsýn fengi að njóta sín þegar kemur að sóttvörnum. Það eru ekki síst fagfólkið sem er „á gólfinu“ sem tekst á við að útfæra vinnustaðabundnar sóttvarnir.

Í farsóttanefnd er því mikilvægt að praktísk reynsla starfsmanna sem vinna náið með sjúklingum verði einnig metin við ráðgjöf. Sú þekking á sóttvörnum sem sjúkraliðar búa yfir og sem þeir hafa tileinkað sér í störfum sínum felast mikilvæg sjónarmið og áherslur sem þarf að tryggja við gerð stefnumótunar í sóttvörnum. Sjúkraliðafélag Íslands leggur því til að sjúkraliða verði bætt í þann hóp sem myndar farsóttanefnd.

Sjúkraliðafélagið hvetur stjórnvöld einnig að huga að þeim fórnarkostnaði sem margar heilbrigðisstéttar verða fyrir þegar samfélagið lamast vegna heimsfaraldurs og álag á heilbrigðiskerfið margfaldast. Sjúkraliðar sem og aðrar heilbrigðisstéttir voru margir hverjir í sjálfskipa sóttkví frá fjölskyldum sínum svo vikum og jafnvel mánuðum saman til að tryggja hæfni sína til að sinna starfinu. Stjórnvöld, og ekki síst Alþingi mætti hafa þetta oftár í huga, ekki síst á tímum fjárlagagerðar hvers árs.

Virðingarfyllst,

Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands